

**Nd.** **488. Frumvarp til laga** [236. mál]

um Launasjóð íslenskra rithöfunda.

(Lagt fyrir á Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Launasjóður íslenskra rithöfunda hefur það hlutverk að greiða höfundum laun fyrir ritstörf og efla þannig bókmenntir og ritlist í landinu.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum ætluð fjárveiting úr ríkissjóði sem nemi eigi lægri upphæð en svarar 400 mánaðarlaunum menntaskólakennara á fyrsta starfsári.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa höfundar íslenskra skáldrita og annarra listrænna ritverka.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við stéttarsamtök rithöfunda þar sem meðal annars er kveðið á um stjórn, vörslu, úthlutun og greiðslur úr sjóðnum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fr. þetta er samið af nefnd skipaðri af menntamálaráðherra og fylgdi svofelld greinargerð:

„Hinn 23. september 1981 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 29/1975 um launasjóð rithöfunda og reglugerð nr. 437/1979 þeim lögum samkvæmt.

Nefndarmenn voru þessir: Sigurlaug Bjarnadóttir, menntaskólakennari, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins — Stefán Júlíusson, rithöfundur, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins — Tryggvi Gíslason, skólameistari, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins — Vésteinn Ólafsson, dósent, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins. Formaður nefndarinnar skipaður af menntamálaráðherra var Haukur Ingibergsson.

Nefndin hélt alls sex sameiginlega fundi auk þess sem nefndarmenn unnu að ákveðnum verkefnum á milli funda.

Nefndin aflaði sér ýmissa gagna og leitaði m. a. eftir skoðunum Rithöfundasambands Íslands, Félags íslenskra rithöfunda og Félags íslenskra leikritahöfunda um það hvernig þessi samtök teldu rétt að skipa málum Launasjóðsins.

Var nefndin sammála um framangreint frumvarp til laga um Launasjóð íslenskra rithöfunda. Nefndinni var einnig falið að semja reglugerð í samræmi við tillögur sínar um frumvarp til laga. Hefur nefndin orðið sammála um eftirfarandi reglugerð um Launasjóð íslenskra rithöfunda.

### Reglugerð um Launasjóð íslenskra rithöfunda.

#### 1. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn Launasjóðs íslenskra rithöfunda til þriggja ára, formann án tilnefningar og fjóra meðstjórnendur samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands. Ákveðið skal með atkvæðagreiðslu á aðalfundi Rithöfundasambandsins með hvaða hætti fulltrúar þess skuli tilnefndir. Engan má skipa í stjórn tvívegis í röð né oftár en tvisvar samanlagt. Stjórnarmenn mega ekki vera félagar í Rithöfundasambandi Íslands. Sjóðsstjórn annast úthlutun úr sjóðnum og skal hafa lokið störfum 15. febrúar ár hvert. Menntamálaráðherra ákveður þóknun hennar.

#### 2. gr.

Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða starfslaun til höfunda íslenskra skáldrita og annarra listrænna ritverka. Upphæð starfslauna á mánuði hverjum skal nema hæstu byrjunarlaunum menntaskólakennara. Starfslaun eru veitt eftir umsóknum skemmst til tveggja og lengst til níu mánaða í senn. Höfundar eiga rétt til að sækja um starfslaun árlega.

#### 3. gr.

Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum með venjulegum hætti. Í umsókn skal getið verka sem höfundur hefur látið frá sér fara eða vinnur að. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórnin og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um starfslaun. Höfundur, sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjá mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi á meðan hann nýtur starfslauna. Slík kvöð fylgir ekki tveggja mánaða starfslaunum enda skulu þau veitt vegna verka sem birst hafa næsta almanaksár á undan. Sjóðsstjórn er heimilt að veita höfundum starfslaun í skemmri tíma en þeir sóttu um nema höfundur hafi beinlínis beðist undan því í umsókn sinni.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Launasjóð íslenskra rithöfunda og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 437/1979 um launasjóð rithöfunda.

Í lögnum og reglugerðinni er að finna eftirfarandi breytingar frá fyrri lögum og reglugerð:

1. Nafni sjóðsins er breytt.
2. Í lögum er sett grein um markmið sjóðsins.
3. Viðmiðun fjárveitingar er breytt.
4. Ákvæðum um þá sem hafa rétt til greiðslu úr sjóðnum er breytt.
5. Ákvæðum um stjórn sjóðsins er breytt.

Hér eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum breytingum:

Nafn sjóðsins.

Í lögum nr. 29/1975 er nafn sjóðsins launasjóður rithöfunda. Nefndin telur rétt að nafn sjóðsins verði Launasjóður íslenskra rithöfunda.

Markmið sjóðsins.

Í lögum nr. 29/1975 um launasjóð rithöfunda er ekki kveðið á um markmið sjóðsins. Nefndin telur það vera galla og að eðlilegt sé að fyrsta grein laganna sé um markmið sjóðsins. Telur nefndin það hlutverk Lauasjóðs íslenskra rithöfunda að greiða höfundum laun fyrir ritstörf og efla þannig bókmenntir og ritlist í landinu.

Fjárveiting.

Í lögum nr. 29/1975 er gert ráð fyrir því að stofnfé sjóðsins sé 21.7 milljónir króna og greiðist úr ríkissjóði. Nefndin telur að eðlilegra sé að miða við að ríkissjóður leggi ákveðinn fjölda mánaðarlauna á ári hverju til Launasjóðs íslenskra rithöfunda og gerir að tillögu sinni að fjárhæð, sem svarar 400 mánaðarlaunum menntaskólakennara á fyrsta starfsári, sé varið árlega í þetta verkefni. Hér er um aukningu að ræða frá fyrri árum þegar til sjóðsins hefur verið veitt í kringum 300 mánaðarlaunum árlega en undanfarin ár hafa umsóknir numið um 800 mánaðarlaunum.

Réttindi til greiðslu úr sjóðnum.

Samkvæmt fyrri lögum höfðu rétt til greiðslu úr launasjóðnum íslenskir rithöfundar og höfundar fræðiritra auk þess sem heimilt var að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku. Nefndin hefur endurskoðað þessa grein þannig að rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa höfundar íslenskra skáldrita og annarra listrænna ritverka. Þar á nefndin við að meginhlutverk sjóðsins sé að greiða höfundum íslenskra skáldrita laun en höfundar annarra listrænna ritverka þar á meðal fræðiritra geti einnig komið til greina, þó nefndin telji eðlilegra að höfundar fræðiritra njóti styrks úr öðrum sjóðum s. s. Vísindasjóði. Þá telur nefndin að með tilkomu Þýðingarsjóðs sé ekki ástæða til að þýðendur eigi að jafnaði kost á greiðslu úr Launasjóði íslenskra rithöfunda.

Skipan stjórnar.

Samkvæmt fyrri lögum sátu í stjórn launasjóðs rithöfunda þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt tilnefningu stjórnar Rithöfundasambands Íslands. Nefndin leggur til þá breytingu að formaður stjórnar sjóðsins sé skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar en menntamálaráðherra skipi fjóra meðstjórnendur samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands. Telur nefndin það eðlilegt að menntamálaráðherra skipi formann án tilnefningar þar sem hér er um að ræða fjárveitingu af almannafé. Þá er sett ákvæði í reglugerð um að það skuli ákveðið með atkvæðagreiðslu á aðalfundi Rithöfundasambandsins með hvaða hætti fulltrúar þess skuli tilnefndir. Fyrri ákvæði reglugerðar um tímalengd skipunar og að engan megi skipa í stjórn tveggis í röð né oftari en tvisvar samanlagt eru látin standa óbreytt. Einnig að stjórnarmenn megi ekki vera félagar í Rithöfundasambandi Íslands.“